

Samningur um afnot af spjaldtölvu

Kópavogsbær og _____, foreldri/forráðamaður, fyrir hönd _____, nemanda í _____ skóla, gera með sér svohljóðandi samning um afnot nemandans af spjaldtölvu.

- Spjaldtölvan sem samningur þessi tekur til er eign Kópavogsbæjar. Nemandinn hefur afnot af tækinu á starfstíma skóla, svo lengi sem nemandinn er skráður í grunnskóla í Kópavogi. Í lok hver skólaárs skal nemandi skila tækinu til skóla. Þegar tæki er skilað skal nemandi skrá sig út af Apple-auðkenni og iCloud-aðgangi sínum í tækinu.
- Kópavogsbær áskilur sér rétt til að innkalla tæki tímabundið vegna viðgerða eða þjónustu, til að hreinsa af því óæskileg gögn eða rekja mögulega misnotkun. Skal nemandi þá úthlutað lánstæki á meðan svo ekki verði truflun á námi nemandans.
- Kópavogsbær setur upp á tækinu forstillingar sem leyfa umsýslu og utanumhald sem nauðsynleg eru til að hægt sé að þjónusta tækið. Tækið er skráð á umsýslukerfi Kópavogsbæjar (AirWatch) sem gerir kleift að senda námsefni og hugbúnað á tækið, sem og að rekja staðsetningu þess ef það týnist eða er stolið. Kópavogsbær annast þjónustu við tækið, þar með talið skráningu þess á þráðlaust net í skóla samkvæmt reglum sem um það gilda.
- Nemandanum og foreldri/forráðamanni er afhent tækið til afnota að þessum samningi undirrituðum. Til þess að hægt sé að nota tækið er nauðsynlegt að nemandi eigi Apple-auðkenni (AppleID) og sér Kópavogsbær um að stofna þann aðgang. Mælst er til þess að ekki sé notað fleiri en eitt Apple-auðkenni á hvert tæki.
- Þegar tæki er afhent nemandi þarf að slá inn á tækinu fjögurra stafa lyklnúmer (passcode) sem Kópavogsbær úthlutar og notað er til að opna tækið. Umsjónarkennari og foreldrar/forráðamenn fá þetta númer afhent auk nemandans. Ef nemandi breytir lyklnúmerinu síðar skal það gefið upp til umsjónarkennara og foreldra/forráðamanna.
- Nemandi er heimilt að taka tækið með sér heim að loknum skóladegi, en skal hafa það með sér í skólann á hverjum degi, fullhlaðið. Nemandi ber ábyrgð á sínu hleðslutæki og snúru og er mælst til þess að það sé geymt heima. Glatist eða skemmist hleðslutæki og/eða snúra ber nemandi að útvega nýtt á eigin kostnað. Notkun tækisins heima fyrir til leikja eða tómstundaiðkunar skal vera í samráði við foreldra og skal nemandi fylgja þeim reglum sem foreldrar setja. Komi í ljós að mati skólans eða foreldra/forráðamanna að nemandi eigi í erfiðleikum með að fylgja reglum foreldra geta foreldrar/forráðamenn eða skóli ákveðið að tækið sé geymt í skólanum.
- Nemandinn og foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á meðferð og notkun tækisins meðan nemandinn hefur það til afnota. Nemandi skal gæta þess að fara vel með tækið og sýna ábyrgð í notkun þess. Komi í ljós að mati skólans eða foreldra/forráðamanna að nemandi eigi

í erfiðleikum með þessa ábyrgð geta foreldrar/forráðamenn eða skóli ákveðið að tækið sé geymt í skólanum.

8. Nemandi fær eitt hulstur afhent með tækinu og er ekki heimilt að taka tækið úr hulstrinu. Vilji nemandi nota annað hulstur er það heimilt og skal þá hinu hulstrinu skilað til skóla. Hulstrið er eign nemandans og á hans ábyrgð. Nemanda er heimilt að merkja það eða skreyta að vild.
9. Undir engum kringumstæðum má nota tækið á ólöglegan hátt. Ekki má setja í það stolin forrit eða forrit sem breyta stýrikerfi þess, né heldur má nemandi nýta Apple-auðkenni sitt eða *Find my iPad* forritið til að eyða gögnum og stillingum af tækinu. Nemandi skal fara að reglum skóla sem og landslögum hvað varðar myndatökur og myndbirtingar.
10. Á tækinu er námsefni og ýmiskonar hugbúnaður (forrit) sem ætluð eru til námsvinnu nemandans. Nemanda og foreldrum/forráðamönnum er heimilt að setja inn á tækið eigið efni (t.d. myndir og tónlist), sem og hugbúnað að eigin vali, en þó skal námsefni hafa forgang. Komi til plássleysis á tækinu skal efni nemandans víkja svo námsefni komist fyrir. Þegar tæki er skilað í lok skólaárs ber nemandi ábyrgð á að vista persónuleg gögn annars staðar, þar sem tækið verður hugsanlega uppfært og enduruppsett áður en það er afhent á næsta skólaári og eyðast þá öll gögn af tækinu.
11. Ef tækið bilar eða skemmist, týnist eða því er stolið skal tilkynna það strax til skólans og útvegar Kópavogsbær nemandanum lánstæki meðan viðgerð fer fram eða tapað tæki er endurheimt. Sé um vísitandi skemmdarverk eða þjófnað af hálfu nemandans að ræða skal nemandi bæta tækið.
12. Nú færast nemandi á milli skóla innan Kópavogsbæjar. Heldur hann þá áfram sömu afnotum af tækinu og annast Kópavogsbær tilfærslu á skráningu tækisins innan tölvukerfis grunnskólanna.
13. Nú flytur nemandi í annað sveitarfélag og hættir að stunda nám í grunnskólum Kópavogs. Skal hann þá skila tækinu til skóla og skrá sig út af Apple-auðkenni og iCloud-aðgangi sínum í tækinu.

Við undirritun samnings þessa lýsum við undirrituð því yfir að við höfum kynnt okkur efni samningsins sem og reglur skóla og Kópavogsbæjar um notkun tækisins og aðgang að þráðlausu neti í skóla og erum því samþykkt.

Staður og dagsetning

Undirskrift og kennitala foreldris

Undirskrift og kennitala nemanda

Undirskrift umsjónarkennara f.h.
Kópavogsbæjar